

Heimilisfræði

Kennari: Hjördís Rut Jónsdóttir

Almennt um kennsluna: Samkv. Stundaskrá er 1 kennslustund á viku tileinkuð heimilisfræði. Stundum grípum við til þess ráðs að hafa tvo samliggjandi tíma aðra hverja viku. Einnig nýtum við tækifæri sem gefast til að elda á eldstæði í útikennslu.

Námsgögn: Komdu og skoðaðu eldhúsið, Gott og gaman, efni af veraldarvef, uppskriftir frá kennara.

Hæfniviðmið heimilisfræði eru flokkuð og útskýrð á eftirfarandi hátt:

Matur og lífshættir

- Geti tjáð sig um heilbrigða lífshætti
- Valið hollan mat og útskýrt hvað hann gerir fyrir líkama og líðan
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif

Matur og vinnubrögð

- Útbúið með aðstoð einfalda og holla máltíð
- Farið eftir einföldum uppskriftum
- Sagt frá hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi

Matur og umhverfi

- Skilið einfaldar umbúðamerkingar

Matur og menning

- Geti rætt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir og siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat

Úr hæfniviðmiðum aðalnámskrár fyrir 1.-4. bekk veljum við 4 hæfniviðmið úr þessum flokki til að vinna með í vetur og skrá í hæfnikort á mentor.

Þau eru:

Verklag:

- Útbýr einfaldar og hollar máltíðir með aðstoð.
- Gerir sér grein fyrir helstu hættum er fylgja vinnu í eldhúsi.

Lífshættir:

- Fer eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

Menning og umhverfi:

- Tjáir sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald og þekkir þjóðlegan mat.

Við mat á námi nemenda er horft til áherslu á styrkleika og stuðning við framfarir. Einnig er símat allt skólaárið, fystu skref leiðsagnarmats og endurgjafir á ólíkum sviðum. Nemendur fá umsögn á vitnisburðarblaði tvisvar sinnum á skólaári.

Víkurskóli

Námsvísir 1.bekkur
2022-2023

